# AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.**

*Gulaþing 23. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Gulaþing 23. Í breytingunni felst að reist verður parhús á tveimur hæðum á lóðinni í stað einbýlishúss. Heildarbyggingarmagn verður óbreytt 400 m², hámarkshæð helst óbreytt og bílastæðum fjölgar úr þremur í fjögur.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Víðigrund 21. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 22. desember 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Víðigrund 21. Í breytingunni felst að grunnflötur bílageymslu stækkar til suðurs um 2 metra og heimilt verður að gera undir hana kjallara. Heildarbyggingarmagn bílageymslu verður 64,4 m².

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Víðigrund 35. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 22. desember 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Víðigrund 35. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera kjallara undir bílageymslu sem tengist kjallara íbúðarhússins auk anddyris sem tengir íbúðarhúsið við bílageymsluna. Byggingarmagn á lóðinni eykst úr 303,7 m² í 344,1 m². Nýtingarhlutfall á lóðinni verður 0,78.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Mánalind 8. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Mánalind 8. Í breytingunni felst að reist verður viðbygging á vesturhlið hússins, 60,3 m² að stærð. Stækkunin á við um anddyri og bílskúr ásamt hluta af efri hæð hússins. Hámarksvegghæð hækkar um 0,54 m á norðurhlið hússins.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 18. júní 2021.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---